

# VESTURBÆJARSKÓLI

## YTRA MAT Á SKÓLASTARFI



Jan. 2015

**Ritun skýrslu:**

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hrund Logadóttir

Sigríður Sigurðardóttir

Una Björg Bjarnadóttir

**Tölur og myndir:**

Ásgeir Björgvinsson

Hildur Björk Svavarsdóttir

Sara Björg Ólafsdóttir

## INNIHALD

Vesturbæjarskóli .....	1
Ytra mat á skólstarfi .....	1
Inngangur .....	4
Vesturbæjarskóli .....	4
Árangur nemenda - yfirlit .....	5
Greining á skólstarfi í Vesturbæjarskóla .....	7
Styrkleikar .....	7
Tækifæri .....	7
Stjórnun.....	8
Fagleg forysta.....	8
Stefnumótun og skipulag .....	9
Samskipti heimila og skóla.....	10
Nám og kennsla.....	11
Nám og Námsaðstæður .....	11
Þátttaka og ábyrgð nemenda .....	12
Námsaðlögun.....	13
Vettvangsheimsóknir í Vesturbæjarskóla .....	13
Innra mat.....	16
Skóli án aðgreiningar.....	17
Vesturbæjarskóli – yfirlit .....	18
Fylgiskjal 1 .....	19

Í þessari greinargerð er fjallað um niðurstöður ytra mats í Vesturbæjarskóla sem fram fór í október 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um ytra mat grunnskóla á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Vesturbæjarskóli yrði einn af þeim skólum þar sem fram færi ytra mat á skólastarfi skólaárið 2014-2015. Gagna var aflað með könnunum, viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum, auk þess sem farið var yfir gögn um skólastarfið. Í könnun sem lögð var fyrir foreldra var svarhlutfallið 59% og í starfsmannakönnun 74%. Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 6. og 7. bekk.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess eru að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar innra mati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi: <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

---

## VESTURBÆJARSKÓLI

Skólastjóri Vesturbæjarskóla er Hildur Hafstað og aðstoðarskólastjóri Þóra Björk Guðmundsdóttir. Í skólanum eru 397 nemendur í 1.-7. bekk skólaárið 2014-2015.

Í skólanum starfar 51 starfsmaður skólaárið 2014-2015 í 46,35 stöðugildum, þar af 33 kennarar í alls 31,58 stöðugildum. Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru um 12 nemendur á hvert stöðugildi sem er hærra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (9,3)<sup>1</sup>.

Vesturbæjarskóli hóf starfsemi sína haustið 1958 í gamla Stýrimannaskólanum að Öldugötu 23. Upphaflega var skólinn fyrir yngri nemendur 7-9 ára en 1965 bættust 10 ára nemendur við og síðan 11-12 ára 1974. Starfsemi skólans fluttist í nýja byggingu á núverandi skólalóð haustið 1988. Þá voru nemendur skólans orðnir tæplega 300. Haustið 1999 var tekinn í notkun ný bygging sem gerði kleift að einsetja skólann. Fæstir voru nemendur 182 árið 1974-1975. Spá um nemendafjölda gerir ráð fyrir að nemendur í skólanum verði um 420 næstu árin. Hafinn er undirbúningur að viðbyggingu við skólann til að rúma þann nemendafjölda.

---

<sup>1</sup> Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2013 (s.84)

**Samræmd könnunarpróf - meðaltöl og framfarastuðlar**

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
<b>4. bekkur</b>									
Íslenska	34,9	30,3	38,3	34,1	37,9	33,9	33,4	35,1	29,4
<i>Reykjavík</i>	<i>30,9</i>	<i>30,6</i>	<i>30,4</i>	<i>30,3</i>	<i>31,3</i>	<i>31,2</i>	<i>30,4</i>	<i>30,5</i>	<i>30,8</i>
Stærðfræði	28,8	28,7	34,0	32,7	40,7	33,5	30,3	29,0	26,2
<i>Reykjavík</i>	<i>30,0</i>	<i>30,2</i>	<i>30,0</i>	<i>30,0</i>	<i>30,4</i>	<i>30,5</i>	<i>29,7</i>	<i>29,9</i>	<i>30,6</i>
<b>7. bekkur</b>									
Íslenska	33,2	32	32,6	32,1	31,2	34,1	32,3	35,9	34
Framfarastuðull íslenska	1,05	1,03	1,01	0,94	1,00	0,96	1,03	1,00	0,99
<i>Reykjavík</i>	<i>31,2</i>	<i>30,6</i>	<i>30,5</i>	<i>30,4</i>	<i>31,3</i>	<i>30,8</i>	<i>30,8</i>	<i>30,6</i>	<i>30,8</i>
Stærðfræði	31,3	33,9	35,4	37,5	32,6	36,4	29,7	36,1	34,6
Framfarastuðull stærðfræði	1,04	1,11	1,07	1,1	1,02	1,10	1,01	0,99	1
<i>Reykjavík</i>	<i>31,1</i>	<i>30,5</i>	<i>30,6</i>	<i>30,8</i>	<i>31,0</i>	<i>30,4</i>	<i>30,9</i>	<i>30,5</i>	<i>30,6</i>

Í samræmdum könnunarprófum árið 2014 var meðaleinkunnin í Vesturbæjarskóla í 4. bekk í íslensku 6,5 en í Reykjavík 5,9. Í stærðfræði var skólinn einnig hærri en þar var meðaleinkunnin 6,6 í skólanum en 6,3 í Reykjavík. Í töflunni að ofan sést að meðaltalsárangur í Vesturbæjarskóla árið 2013 í 4. bekk var undir meðaltali borgarinnar í íslensku og töluvert undir meðaltali í stærðfræði, en oftast hefur meðaltal í Vesturbæjarskóla í báðum greinum verið yfir meðaltali Reykjavíkur og stundum töluvert yfir meðaltali borgarinnar.

Í 7. bekk var meðaleinkunnin í íslensku 6,5 í Vesturbæjarskóla árið 2014 en 6,1 í Reykjavík. Í stærðfræði var meðaleinkunnin 7,6 í Vesturbæjarskóla en 6,9 í Reykjavík og skólinn því hærri en Reykjavík í báðum greinum. Í töflunni sést að meðaltalsárangur í Vesturbæjarskóla árið 2013 í bæði íslensku og stærðfræði var töluvert yfir meðaltali Reykjavíkur. Er það svipuð niðurstaða og flest árin þar á undan, oftast hefur skólinn verið yfir meðaltali borgarinnar í báðum fögum og stundum töluvert yfir. Framfarastuðlar í íslensku hafa nær alltaf sýnt eðlilegar framfarir og í stærðfræði hafa framfarirnar verið eðlilegar og stundum miklar.

## Lesskimun og Talnalykill

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
<b>Lesskimun 2. bekkur</b>										
Hlutfall sem les sér til gagns	67%	90%	85%	82%	79%	63%	82%	76%	76%	84%
<i>Reykjavík</i>	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%	63%	66%
<b>Talnalykill 3. bekkur</b>										
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta		93%	86%	74%	91%	69%	92%	88%	84%	
<i>Reykjavík</i>		69%	68%	66%	69%	72%	73%	76%	75%	

Í lesskimun í 2. bekk hefur hærra hlutfall nemenda í Vesturbæjarskóla undanfarin ár náð að lesa sér til gagns en í Reykjavík í heild sinni, fyrir utan árið 2010. Þá er hlutfall nemenda sem lesa sér til gagns árið 2014 hærra en það var árin 2008-2013.

Í Talnalykli í 3. bekk hefur í hærra hlutfall nemenda aðeins þurft að fara í gegnum 1. þrep prófsins miðað við meðaltal í Reykjavík, fyrir utan árið 2010. Á árabílinu 2005-2013 hefur hlutfallið í skólanum þrisvar farið yfir 90%. Niðurstöður Talnalykils 2014 liggja ekki fyrir en hann er lagður fyrir nemendur í nóvember ár hvert.

### STYRKLEIKAR

- Stefna skólans er skýrt fram sett og starfsmenn og foreldrar (80%) segjast þekkja hana.
- Foreldrar telja að skólanum sé vel stjórnað.
- Samstarf um nám og kennslu í teyrum kennara er reglulegur þáttur í starfi skólans, það einkennist almennt af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti aðila og áhersla er lögð á góðan starfsanda og jákvæðan skólabrag..
- Markvisst er unnið að skólaþróun í ýmsum þróunarverkefnum.
- Almennt líður nemendum vel í skólanum, þeir telja sig örugga og eiga auðvelt með að leita til einhvers ef þeim líður illa og foreldrar telja að skólinn taki vel á stríðni og einelti.
- Foreldrafélag er öflugt með marga virka og áhugasama foreldra. Bekkjarfulltrúar eru fyrir hvern bekk sem hafa yfirumsjón með foreldrastarfi með bekknum.
- Skipuð hefur verið nefnd þriggja foreldra sem eru skólastjóra til aðstoðar við undirbúning viðbyggingar við skólann. Þetta verklag telst til fyrirmyndar.
- Allir foreldrar barna á yngsta stigi sem þátt tóku í könnun töldu kennara þekkja þarfir barnsins og styðja það vel í skólastarfinu.
- Skólinn er yfirleitt vel yfir meðaltali grunnskóla borgarinnar í skimunum og samræmdum prófum og gæti í meira mæli vakið athygli á góðum námsárangri.
- Kennarar sýna almennt mikla fagþekkingu og kennslufræðilega hæfni í vettvangsathugunum.
- Allar kennslustundir, sem heimsóttar voru, voru metnar sem góðar eða frábærar.
- Kennsluhættir eru fjölbreyttir og mikið unnið að samþættum og heildstæðum verkefnum. Bæði er áhersla á samvinnu og einstaklingsverkefni.
- Nemendur læra að setja sér markmið með áætlunarbók frá og með 3. bekk og bera ábyrgð á að ná þeim.
- Staða nemenda í námi er metin reglulega og lögð áhersla á að umsagnir séu leiðbeinandi og jákvæðar.

### TÆKIFÆRI

- Birta skólanámskrá sem heildstætt skjal eða undir einu yfirheiti á heimasíðu.
- Gera heildaráætlun um sérstakan stuðning við nemendur.
- Veita foreldrum af erlendum uppruna aðgengi að upplýsingum á heimasíðu.
- Bæta þarf tölvukost skólans og efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu.
- Endurvekja þarf nemendafélag skólans og taka fulltrúa nemenda inn í skólaráð í samræmi við ákvæði í reglugerð.
- Leita leiða til að koma betur til móts við nemendur af erlendum uppruna.
- Tryggja aðgengi kennara að ráðgjöf um nám og kennslu til að mæta þörfum allra nemenda.
- Leita leiða til að koma til móts við bráðgera nemendur með krefjandi og áhugaverðum verkefnum.
- Koma þarf á kerfisbundnu innra mati sem samofið er daglegu skólastarfi. Innra mat þarf að vera hluti af daglegu starfi kennara og annarra starfsmanna.
- Innra matið þarf að ná til helstu þátta í skólastarfinu en leggja þarf áherslu á að meta nám og kennslu reglulega.
- Í greinargerð um mat þarf að lýsa hvernig markmið eru metin og hvort og að hvað miklu leyti þau hafa náðst.
- Umbótaáætlun þarf að vera í samræmi við greiningu á styrkleikum og veikleikum eftir að gagna hefur verið aflað samkvæmt matsáætlunum.

## STJÓRNUN

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: Faglega forystu, stefnumótun og skipulag og samstarf heimila og skóla. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Vesturbæjarskóla fyrir hvern kafla um sig.

Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.<sup>2</sup>

## FAGLEG FORYSTA

### *SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI; STJÓRNUN STOFNUNAR; FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAPRÓUN.*

#### STYRKLEIKAR

Stefna skólans er skýr, hún er birt á heimasíðu skólans og foreldrar og starfsmenn þekkja einkunnarorð skólans. Skipurit er birt í starfsáætlun og endurspeglar það stjórnun skólans. Starfslýsingar starfsmanna og stjórnenda í stuttu máli er að finna í starfsáætlun skólans og verkaskipting milli stjórnenda kemur þar fram.

Í foreldrakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við ytra matið kemur fram að foreldrar telja að skólanum sé vel stjórnað og skólastjórnendur leggi sig fram um að vera sýnilegir í daglegu starfi. Alls eru 92% þeirra sem svara foreldrakönnun ánægðir með skólann. Flestir starfsmenn, eða um 77% þeirra sem svara könnun, telja að stjórnendur séu faglegir leiðtogar sem hvetji starfsfólk til faglegs samstarfs og þátttöku í símenntun.

Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að í skólanum ríki áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð og ákvarðanatöku. Samstarf í skólanum er mikið og reglulegt og kennarar vinna saman í teyrum um hverja tvo árganga. Markvisst er unnið að skólaþróun í ýmsum þróunarverkefnum með hag barna að leiðarljósi.

Árangur nemenda í Vesturbæjarskóla í samræmdum prófum og skimunum í lestri og stærðfræði er almennt betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali.

#### ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Efla þarf enn frekar markvissa faglega stjórnun og skerpa á verkaskiptingu stjórnenda miðað við það sem fram kemur í rýnihópum starfsfólks um að ekki sé alltaf ljóst hvert á að leita með mál sem upp koma. Skýra þarf tengsl kennarateyma við stjórnunarteymi skólans, þ.e. um ákvarðanatöku og hvernig upplýsingar og skilaboð fara þar á milli. Stjórnendur þurfa að veita starfsfólki endurgjöf á störf sín meir en nú er og hrósa fyrir það sem vel er gert.

Æskilegt er að vekja athygli á árangri nemenda innan skóla og utan enn frekar en nú er gert, t.d. með fréttum á heimasíðu skólans.

Huga þarf að upplýsingastreymi innan skólans en aðeins 50% þeirra sem svara starfsmannakönnun eru sammála fullyrðingu um að það sé gott. Tryggja þarf að allir starfsmenn undirriti skjal um trúnað og þagnarskyldu og gera þarf verklagsreglur sem unnið er eftir komi upp ágreiningur eða einelti meðal starfsmanna. Skýra þarf reglur um skjalastjórnun og meðferð og vörslu persónuupplýsinga.

<sup>2</sup> Sjá viðmið um gæði í skólastarfi grunnskóla:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefird\\_efni/vidmid\\_um\\_gaedi\\_i\\_skolastarfi\\_grsk\\_rvik.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefird_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf)



### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSSKRÁ; SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

#### STYRKLEIKAR

Í starfsáætlun eru allar helstu upplýsingar sem þar eiga að birtast og hún er á heimasíðu skólans. Stefna skólans birtist í meginmarkmiðum sem þar koma fram og snúa þau öll að nemendum, námi og samskiptum. Í skólanámskrá er að finna flesta þætti sem fram eiga að koma samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Bekkjarnámskrár fyrir hvern árgang eru birtar á heimasíðu, þar koma m.a. fram markmið allra námsgreina, upplýsingar um námsefni og námsmat auk þess sem fjallað er um vinnubrögð og samskipti.

Skóladagur nemenda er samfelldur og vikulegur tímafjöldi er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá, 1200 mínútur á viku í 1.-4. bekk og 1400 í 5.-7. bekk. Valtímar eru á töflu nemenda 80 mín á viku, þá blandast tveir árgangar og boðið er upp á samþætt verkefni. Nemendur eiga þess kost að stunda tómstundir í framhaldi af skóladegi og eru upplýsingar um námskeið í boði á heimasíðu skólans.

Mikil áhersla er á góðan starfsanda og jákvæðan skólabrag í skólanum. Skólareglur birtast sem almennar skólareglur og hins vegar sem samskipta- og umgengnisreglur, einnig eru sérstakar reglur um hegðun í rútu og í sundi. Birt eru viðbrögð við brotum á almennum reglum. Hver bekkur setur sér síðan bekkjarreglur sem nemendur taka þátt í að móta.

Unnið er eftir kerfi Olweusar gegn einelti. Í nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 6. og 7. bekk kom m.a. fram að 96% nemenda telja að kennarar og annað starfsfólk sjái til þess að nemendur hegði sér vel og 86% nemenda segja að starfsfólkið sé gott í að stöðva einelti. Í foreldrakönnun voru 78% foreldra sammála fullyrðingunni að skólinn taki vel á stríðni og einelti og um 75% að agi sé góður.

Vel er hugað er að öryggisþáttum, námskeið í slysavörnum eru haldin reglulega fyrir starfsfólk, og verklaagsreglur Barnaverndar kynntar reglulega. Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður kynna verksvið sín að hausti.

#### ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Mikilvægt er að ljúka sem fyrst endurskoðun á skólanámskrá og aðlögun að nýrri aðalnámskrá. Tryggja þarf aðkomu allra hagsmunaaðila skólans að þeirri endurskoðun. Birta þarf almennan hluta skólanámskrár sem heildstætt skjal eða undir einu yfirheiti á heimasíðu skólans.

Skýra þarf hvernig framkvæmd skólastefnunnar er metin í innra mati skólans.

Tryggja þarf að viðbrögð starfsmanna við brotum á skólareglum séu skýr og samræmd.

Móta þarf heildaráætlun um sérstakan stuðning og móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi.

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ, FORELDRAFÉLAG OG ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

#### STYRKLEIKAR

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði samkvæmt áætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða verkefni liggja fyrir hverjum fundi. Fundir stjórnar foreldrafélags eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar. Upplýsingamiðlun er á milli foreldrafélags og skólaráðs.

Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili skólans og hlutverk þess er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og bættum námsárangri með því að auka samskipti foreldra og styrkja skólabraginn. Foreldrar hafa að mati stjórnenda veitt skólanum mikinn stuðning og í samskiptum ríkir samstaða og samkennd. Bekkjarfulltrúar eru fyrir hvern bekk sem hafa yfirumsjón með foreldrastarfi með bekknum. Birtar eru starfsreglur fyrir þá og hugmyndir að hópastarfi á heimasíðu.

Skipuð hefur verið nefnd þriggja foreldra sem eru skólastjóra til aðstoðar við undirbúning viðbyggingar við skólann. Að mati skólastjóra er það jákvætt og styrkur að því að hafa slíkt bakland að leita til. Þetta verklag telst til fyrirmyndar.

Í rýnihópi foreldra kom fram að í skólanum ríki hlýlegt viðmót gagnvart nemendum sem leiði af sér vellíðan þeirra í skólanum. Skólinn hvetur til þátttöku foreldra í starfinu, m.a. með heimaverkefni fjölskyldunnar og allir árgangar hafa foreldrakaffi tvisvar á ári.

85% foreldra sem þátt tóku í foreldrakönnun telja að ábendingum sínum um það sem betur megi fara í skólastarfinu sé vel tekið. Þar kom einnig fram að allir foreldrar barna á yngsta stigi sem þátt tóku í könnun telja kennara þekkja þarfir barns síns og styðja það vel í skólastarfinu, 85% foreldra á miðstigi eru á sama máli.

#### ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Halda þarf áætlun um fundi skólaráðs, en þegar matið fór fram hafði enginn fundur verið haldinn á haustönn. Æskilegt er að birta fundargerðir skólaráðs á heimasíðu. Skólaráð er ekki skipað nemendum eins og reglugerð gerir ráð fyrir heldur eru fulltrúar nemenda kallaðir til á sérstaka fundi. Þessu þarf að breyta. Tryggja þarf lýðræðislega kosningu allra fulltrúa í skólaráði.

Tryggja þarf að allir foreldrar fái reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barns síns en þriðjungur foreldra á miðstigi og 28% foreldra barna á yngsta stigi sem tóku þátt í foreldrakönnun eru ósammála fullyrðingu þessa efnis.

Einnig þarf að leita markvisst eftir tillögum og hugmyndum foreldra um skólastarfið en aðeins rúmur helmingur foreldra (53% yngra stig og 57% miðstig) er því sammála að skólinn eða kennarinn leiti eftir tillögum og hugmyndum foreldra.

## NÁM OG KENNSLA

Viðmiðum um nám og kennslu er skipt í þrjá meginkafla: Nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Vesturbæjarskóla fyrir hvern kafla um sig.

Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.<sup>3</sup>

## NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI; KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU; NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

#### STYRKLEIKAR

Skólinn byggir á skýrri stefnu um nám og kennslu með fjölbreyttum kennsluháttum sem kennarar hafa sameinast um og mikilvægt er að standa vörð um.

Námsvísar fyrir skólaárið 2014-2015 eru ítarlegir og þar er m.a. gerð grein fyrir markmiðum í einstökum greinum og hæfniviðmiðum. Grunnþáttum menntunar má sjá stað en ekki koma fram upplýsingar um að aðrir hlutar skólanámskrár hafi verið endurskoðaðir. Mikil umræða hefur verið um námsmat í skólanum og búið að uppfæra það til samræmis við nýja aðalnámskrá.

Nemendur skólans fá markvissa þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum og leiðum, bæði einstaklingslega og í samvinnu við aðra. Áhersla er á samþætt og heildstæð verkefni en jafnframt leggur skólinn áherslu á útikennslu. Nemendur læra að setja sér markmið með áætlunarbók frá og með 3. bekk og bera ábyrgð á að ná þeim.

Þróunarverkefni tengd læsi eru nefnd sem stefnumótandi fyrir nám og kennslu. Boðið er upp á nám á fjölbreyttum valsvæðum í aldursblönduðum hópum og geta nemendur valið svæði eftir áhugasviði.

Fagþekking kennara er sýnileg í flestum vettvangsathugunum og flestir kennarar leggja sig fram um að vekja og viðhalda áhuga nemenda. 98% nemenda í 6. bekk finnst gaman að læra í skólanum og um 85% nemenda í 7. bekk miðað við nemendakönnun sem lögð var fyrir í tengslum við matið. 98% nemenda í báðum aldurshópum eru því sammála að kennarar hvetji þá til að gera sitt besta og nánast allir telja að þeim gangi vel í náminu. Í 6. bekk eru 96% nemenda sammála fullyrðingunni: *Kennararnir leiðbeina mér reglulega um hvernig mér gæti gengið betur í náminu*, en 86% í 7. bekk.

Árangur á samræmdum prófum hefur að jafnaði verið vel yfir meðalárangri í borginni allri og framfarir ýmist verið eðlilegar eða miklar. Árangur nemenda Vesturbæjarskóla í lesskimun og stærðfræðiskimun með Talnalykli hefur að jafnaði verið vel yfir meðalárangri í borginni allri.

Foreldrasamstarf er öflugt og foreldrar virkjaðir á fjölbreyttan hátt til samstarfs um nám og velferð barna sinna, m.a. undir yfirskriftinni *Allir í sama liði*.

<sup>3</sup> <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

## ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Skólanámskrá er ekki birt á heimasíðu skólans í heild sinni en margt af því sem tilheyrir skólanámskrá er að finna í starfsáætlun skólans. Almennur hluti skólanámskrár fylgdi útprentaður með gögnum skólans en var ekki að finna á heimasíðu hans.

Fram kemur í gögnum skólans að unnið er úr niðurstöðum samræmdra prófa og skimana en ekki kemur skýrt fram til hvaða aðgerða er gripið til að auka árangur enn frekar. Auka má enn frekar umræðu um hvernig auka megi árangur nemenda í námi. Jafnframt mætti gera betur grein fyrir góðum árangri skólans í námi og leik á heimasíðu skólans og víðar.

Gera þarf markmið námsins og viðmið um árangur sýnilegri og kynna vel fyrir nemendum og foreldrum.

Leggja þarf meiri áherslu á nýtingu upplýsingatækni í skólanum og endurnýja tölvukost skólans.

## ÞÁTTTAKA OG ÁBYRGÐ NEMENDA

### *SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA*

#### STYRKLEIKAR

Skólabragur í Vesturbæjarskóla einkennist af jákvæðum anda samstarfs og virðingar. Nemendur hafa sitt að segja um námið og skólastarfið á bekkjarfundum og á samráðsfundum. Mikill meirihluti nemenda sem þátt tóku í könnun (yfir 90%) segist geta komið skoðunum sínum á framfæri um hvernig bæta megi námið og að á þá sé hlustað.

Af gögnum ytra mats má ráða að nemendur koma almennt vel fram og taka tillit til annarra. Miklum meirihluta nemenda sem þátt tóku í könnun finnst gaman að læra í skólanum. Yfir 95% eru sammála þeirri fullyrðingu að kennarar og starfsfólk séu sanngjörn við sig og sýni sér virðinu og sama hlutfall er sammála því að nemendur séu sanngjarnir og komi fram við sig af virðingu.

Nemendur í 3.-7. bekk taka ábyrgð á eigin námi með því að setja sér markmið og gera áætlanir. Nær allir nemendur sem þátt tóku í könnun segja að kennararnir ætlist til þess að þeir taki ábyrgð á eigin námi í kennslustundum. Nemendur í rýnihópi voru ánægðir með þau vinnubrögð.

## ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Efla þarf nemendalýðræði í skólanum með því að endurvekja nemendafélagið og kjósa fulltrúa nemenda í skólaráð. Verklag við að afla sjónarmiða nemenda þarf að vera skráð.

Undanfarin ár hefur nemendafélag verið starfandi í skólanum, en svo var ekki þegar matið var framkvæmt og nemendur áttu ekki fulltrúa í skólaráði. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að mál nemendafélagsins væru í endurskoðun.

Gera þarf markmið sýnilegri í kennslustundum. Í vettvangsathugunum sást að þó viðfangsefni kennslustunda væru skýr þá voru markmið ekki alltaf sýnileg.

## NÁMSAÐLÖGUN

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: NÁM VIÐ HÆFI ALLRA NEMENDA OG STUÐNINGUR VIÐ NÁM.

#### STYRKLEIKAR

Skólabragur einkennist af viðurkenningu, sanngirni og virðingu að mati foreldra sem svara foreldrakönnun (86% sammála á miðstigi og 95% á yngri stigi). Miðað við það sem kemur fram í vettvangsathugunum leitast kennarar við að allir nemendur taki virkan og fullgildan þátt í starfi bekkjarins. Staða nemenda í námi er metin reglulega og lögð áhersla á að umsagnir séu leiðbeinandi og jákvæðar. Að mati kennara í rýnihópi er lögð mikil vinna í að segja hlutina á uppbyggjandi hátt í námsmatinu en samt með faglegri umfjöllun.

Skimanir og kannanir eru markvisst lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa sérstakan stuðning í námi. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem mestan stuðnings þurfa.

#### ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Leita leiða til að allir nemendur fái nám við hæfi, en í könnun meðal starfsfólks kemur fram að aðeins um 60% svarenda telja að nemendur fái nám við sitt hæfi, en 20% eru ósammála þeirri fullyrðingu og 20% segjast hvorki sammála né ósammála, einnig telja kennarar í rýnihópum að börn af erlendum uppruna fái ekki í öllum tilvikum nám eða kennslu við hæfi.

Skrá þarf hvernig brugðist er við niðurstöðum kannana og skimana. Æskilegt er að auka samráð við foreldra og nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í námi um gerð einstaklingsnámskrár og markmið sem þar eru sett fram.

Æskilegt er að fagmenntaðir starfsmenn beri ábyrgð á sérstökum stuðningi í námi eftir því sem við verður komið. Tryggja þarf aðgengi kennara að ráðgjöf um nám og kennslu til að mæta þörfum allra nemenda. Sérstaklega þarf að huga að því að koma til móts við bráðgera nemendur með krefjandi og áhugaverðum verkefnum.

## VETTvangsHEIMSÓKNIR Í VESTURBÆJARSKÓLA

Í skólaheimsókn í Vesturbæjarskóla voru alls 25 kennslustundir heimsóttar og metnar út frá viðmiðum um gæði stundarinnar. Stundin er metin góð þegar flestir nemendur ná tókum á viðfangsefni stundarinnar og flestir fá verkefni við hæfi. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. <sup>4</sup>

Mat á kennslustund		
Frábær	6	24%
Góð	18	72%
Ekki metið	1	4%
<b>Samtals</b>	<b>25</b>	<b>100%</b>


<sup>4</sup> Sjá nánari lýsingu í fylgiskjali: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

Allar stundir sem voru heimsóttar í Vesturbæjarskóla voru metnar góðar eða frábærar en ein stund var ekki metin.

**Einnig var skoðað hvaða kennsluaðferð/ir og vinnubrögð voru notaðar í stundinni.** Oftast var merkt við fleira en eitt atriði þannig að í þessum 25 stundum voru 49 merkingar. Oftast voru nemendur að vinna að verkefnum undir stjórn kennara, merkt var við það í 15 stundum eða 60% tilvika. Þá var merkt við innlögn eða beina kennslu í 32% stundanna og markvissa samvinnu nemenda og sköpun og tjáningu í 28% stundanna eins og sjá má í töflunni hér að neðan.


Kennsluaðferð	Fjöldi	Hlutfall
Verkefnavinna	15	60%
Innlögn	8	32%
Markviss samvinna	7	28%
Sköpun og tjáning	7	28%
Sjálfstæð vinna / eigið val	4	16%
Verklegt	3	12%
Bekkjarfundur	3	12%
Þemavinna	2	8%
<b>Samtals</b>	<b>49</b>	<b>196%</b>

#### Einstaklingsvinna eða markviss samvinna nemenda í kennslustund



Skoðað var hvort nemendur voru að vinna hver að sínu verkefni eða saman í pörum eða hópum að sameiginlegri lausn eða skilum. Eins og sjá má á myndinni hér að ofan var einstaklingsvinna í yfir helmingi stundanna og samvinna nemenda í 28% þeirra.

**Notkun á upplýsingatækni í námi og/eða kennslu** var sérstaklega skoðuð og ef svo var þá hvort kennari/ar eða nemendur nýttu sér tæknina. Upplýsingatækni var sjaldnast notuð í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru en í 88% stundanna notuðu hvorki nemendur né kennarar tæknina eins og sjá má í töflunni hér að neðan.



**Lagt var mat sjálfstæði nemenda í vali á verkefnum**, þ.e. hvort kennari ákveður verkefni tímans eða nemandi hefur val um verkefni. Kennari ákvað verkefni í 84% þeirra stunda sem heimsóttar voru, en nemendur í 4% þeirra og í 12% stundanna kom hvort tveggja fyrir í stundinni eins sjá má í töflunni hér að neðan.

Val á verkefnum		
<b>Kennari ákveður</b>	21	84%
<b>Nemandi velur</b>	1	4%
<b>Bæði kennari og nemendur ákveða</b>	3	12%
	<b>25</b>	<b>100%</b>

Auk þess var skráð sérstaklega ef nemendur höfðu val um útfærslu verkefnis og átti það við í 68% kennslustundanna.

Á stundatöflum nemenda kemur fram að sérstakir valtimar eru fjórir á viku hjá öllum árgöngum eða 13.3% af öllum kennslustundum yngra stigs og 11.4% af kennslustundum eldra stigs.

## INNRA MAT

Viðmiðum um innra mat í grunnskóla er skipt í tvo meginkafla: Framkvæmd innra mats og umbótastarf í kjölfar innra mats. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum.

Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.<sup>5</sup>

### STYRKLEIKAR

Reglulega fer fram mat á námi, framförum og árangri nemenda. Skólinn nýtir niðurstöður eigin og ytri kannana til umbóta. Ýmislegt hefur verið unnið í innra mati í skólanum þó ekki sé það gert kerfisbundið og sú vinna ætti að auðvelda innleiðingu kerfisbundins innra mats.

### ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA

Koma þarf á kerfisbundnu innra mati sem er samofið daglegu skólastarfi. Gera þarf matsáætlanir til lengri og skemmri tíma og þær þarf að birta. Í skólanámskrá þarf að fjalla um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta starfið, bæði árangur og gæði.

Skipa þarf matsteymi sem heldur utan um matið og í teyminu ættu að sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila. Velja þarf viðfangsefni innra mats út frá stefnu og markmiðum skólans og leggja áherslu á að meta nám og kennslu reglulega þannig að matið verði hluti af daglegu skólastarfi. Skilgreina þarf viðmið um árangur. Velja þarf viðeigandi og fjölbreyttar aðferðir til gagnaöflunar og leita sjónarmiða allra hagsmunaaðila. Greina þarf niðurstöður í sterka og veika þætti og setja fram og framkvæma nákvæma umbótaáætlun út frá þeirri greiningu. Skrifa þarf greinargerð um innra matið þar sem framkvæmd og skipulagi er lýst og því hvernig gengið hefur að ná fram markmiðum skólastefnu. Greinargerðin þarf að vera aðgengileg öllum hagsmunaaðilum.

<sup>5</sup> Sjá Viðmið um gæði í skólastarfi grunnskóla:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/vidmid\\_um\\_gaedi\\_i\\_skolastarfi\\_grsk\\_rvik.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi_grsk_rvik.pdf)



## SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

Viðmiðum um skóla án aðgreiningar er skipt í fjóra meginkafla: menning og viðhorf; námskrá og áætlanir; upplýsingamiðlun og samskipti og starfshættir. Hér á eftir fer samantekt úr niðurstöðum Vesturbæjarskóla hvað varðar skóla án aðgreiningar.

### STYRKLEIKAR

Starfshættir í skólanum taka mið af hugmyndafræði náms án aðgreiningar. Starfsfólk vinnur í teyllum og deilir með sér ábyrgð á námi og velferð hópsins og ákvarðanatöku er sameiginleg. Allir aðilar skólasamfélagsins, nemendur, starfsfólk og foreldrar eru velkomnir og virtir í skólanum að mati viðmælenda í rýnihópum. Í stefnu skólans kemur fram að kennsluáferðir, námsefni og námsumhverfi sé miðað við áhuga, þroska og getu nemenda og í vettvangsathugunum sést að lögð er áhersla á að hafa verkefni sem hæfa hverjum og einum og litið er á stuðning við nemendur sem hluta af daglegu starfi. Foreldrar sem svara foreldrakönnun eru almennt sammála þeirri fullyrðingu að kennarar þekki þarfir barnsins og styðji það í námi. Nemendur sem þurfa sérstakan stuðning eru saman í val tímum í svokölluðu úrvali og fá þar verkefni sem höfða til þeirra sérstaklega.

Umsjónarkennari ber ábyrgð á námi allra nemenda í sínum námshópi og einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir fatlaða nemendur og þá sem víkja frá námskrá bekkjarins. Fyrir liggur áætlun um kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir í hverjum árgangi til að finna nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.

Skólinn nýtir þjónustu og ráðgjöf frá þjónustumiðstöð og ráðgjafar sitja í teyllum vegna nemenda. Viðeigandi gögn og upplýsingar fylgja nemendum frá leikskóla til grunnskóla og milli grunnskóla við skólaskipti. Stjórnendur tryggja að allir starfsmenn fái upplýsingar um nemendur sem þeir þurfa vegna starfs síns. Öll meðferð upplýsinga um einstaklinga fer að lögum um persónuvernd og er í samráði við viðkomandi nemanda og foreldra.

### ÞÆTTIR SEM ÞARFNAST UMBÓTA:

Í stefnu skólans þarf að orða á skýran hátt sýn og markmið um skóla án aðgreiningar til að fram komi að skólinn sé fyrir alla. Þessa sameiginlegu sýn þarf að móta í samvinnu allra hagsmunaaðila skólans undir forystu stjórnenda þannig að ljóst sé að allir séu að vinna að sameiginlegu markmiði. Í starfsmannakönnun eru um 40% þátttakenda ekki sammála fullyrðingum um að allir nemendur fái nám við sitt hæfi (20% ósammála og 20% hvorki né) og að reglulega sé rætt um hvernig stuðla megi að bættum árangri nemenda. Í rýnihópum kemur fram að kennurum finnst stundum að þá skorti sérþekkingu og ráðgjöf til að koma til móts við einstaklinga sem þurfa sérstakan stuðning.

Heildaráætlun Vesturbæjarskóla um skipulag sérstaks stuðnings er ófullnægjandi, gera þarf skýrari grein fyrir heildarskipulagi, framkvæmd og ábyrgð einstakra aðila. Æskilegt er að gera einstaklingsnámskrár nemenda ítarlegri, lýsa leiðum að markmiðum og taka tillit til áherslu foreldra og áhugasviðs nemanda.

Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning.

Leita þarf leiða til að tryggja stöðugleika og efla sérþekkingu í sérkennslunni en þar hafa nokkrar mannabreytingar hafa haft áhrif á starfið undanfarin misseri. Skoða þarf starfsskipulag stuðningsfulltrúa til að tryggja nauðsynlegt samstarf allra þeirra sem koma sérkennslu og stuðningi.

## VESTURBÆJARSKÓLI – YFIRLIT

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat		Skóli án aðgreiningar
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Námsaðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats	Skóli án aðgreiningar
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá á	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Skipulag og framkvæmd	Opinber birting og umbætur	Menning og viðhorf
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Gagnaöflun og vinnubrögð		Námskrá og áætlanir
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæðikennsla					Upplýsingamiðlun og samskipti
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund					Starfshættir

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt sýnir mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt gott verklag** flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta** og **rautt að verklag er óviðunandi** og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.

## Viðmið um mat á gæðum kennslustundar.

### Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

### Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

### Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

### Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.

- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarsjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.